

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 32/2012****2012/EES/34/31****frá 10. febrúar 2012****um breytingu á XXII. viðauka (Félagaréttur) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XXII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 161/2011 frá 2. desember 2011 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/30/ESB frá 19. janúar 2011 um jafngildi opinberra eftirlits-, gæðatryggingar-, rannsóknar- og viðurlagakerfa fyrir endurskoðendur og endurskoðunarfyrtækni í tilteknum þriðju löndum og umbreytingartímabil vegna endurskoðunarstarfsemi endurskoðenda og endurskoðunarfyrtækja í Evrópusambandinu sem eru frá tilteknum þriðju löndum ⁽²⁾.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 10fc (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2010/485/ESB) í XXII. viðauka við samninginn:

„10fd. **32011 D 0030**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/30/ESB frá 19. janúar 2011 um jafngildi opinberra eftirlits-, gæðatryggingar-, rannsóknar- og viðurlagakerfa fyrir endurskoðendur og endurskoðunarfyrtækni í tilteknum þriðju löndum og umbreytingartímabil vegna endurskoðunarstarfsemi endurskoðenda og endurskoðunarfyrtækja í Evrópusambandinu sem eru frá tilteknum þriðju löndum (Stjtið. ESB L 15, 20.1.2011, bls. 12).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti ákvörðunar 2011/30/ESB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 11. febrúar 2012, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 10. febrúar 2012.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Gianluca Grippa

starfandi formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 76, 15.3.2012, bls. 48, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 15, 8.3.2012, bls. 54.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 15, 20.1.2011, bls. 12.

^(*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

Sameiginleg yfirlýsing samningsaðila

**vegna ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 32/2012 frá 10. febrúar 2012
um að fella inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/30/ESB**

„Í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/30/ESB frá 19. janúar 2011 eru nokkrar greinar sem lúta að jafngildi að því er varðar þriðju lönd. Ákvörðun þessi er felld inn í EES-samninginn með fyrirvara um gildissvið samningsins.“